



Hátíð brautskráðra doktora

1. desember 2018



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Þingvellir – úr vísindarití Joseph Paul Gaimard (1796–1858), Voyage en Islande et au Groënland. Gaimard var franskur náttúruvísindamaður sem stýrði vísindaleiðangri á Norðurlóðum árin 1835 og 1836. Þjóðskáldið Jónas Hallgrímsson (1807–1845) orti kvæði til Páls Gaimard sem inniheldur m.a. línurnar: Vísindin efla alla dáð, orkuna styrkja, viljann hvessa, vonina glæða, hugann hressa, farsældum vefja lýð og láð.

Þingvellir hafa verið kveikjan í fjölmörgum ljóðum íslenskra skálda, innblástur listmálara og rithöfunda auk þess að vera forn þingstaður sem á sér einstakan sess í huga Íslendinga. Þingvellir eru einnig vettvangur fjölbreyttra rannsókna enda er staðurinn merkur sakir náttúru og auðlinda og hann tengist einnig sögu þjóðarinnar. Þar var Alþingi stofnað árið 930 og Íslendingar lýstu þar yfir sjálfstæði þann 17. júní árið 1944. Þingvellir koma líka við sögu í fjölmörgum Íslendingasögum og í Sturlungu. Vísindamenn Háskóla Íslands hafa beint sjónum að fjölmörgum þáttum varðandi Þingvelli, m.a. á sviði sagnfræði, fornleifafræði, bókmennta, líffræði, landfræði og jarðfræði. Nú er m.a. verið að rannsaka bleikjuafbrigði í Þingvallavatni og mikilvægi staðarins í ferðaþjónustu. Hér er fátt eitt talið.

ÞINGVELLIR

Sjá, í austri rennur upp sólin í allri sinni geisladýrð, sem vaninn aldrei getur rýrt aðdáun vora fyrir. Máninn læðist, bleikur og feiminn, fyrir birtu hennar bak við gráhvítt þokuský. Sjáðu, hversu hún skín blíðlega á gamla Lögberg, sjáðu, hversu skuggarnir virðast hoppa af einni gjá á aðra, og geislarnir fæðast og deyja, hver í annars fangi, sjáðu, hversu daggardroparnir hanga ennþá glitrandi á hverju strái, og hversu þeir hægt og hægt hverfa fyrir geislum hennar. Líttu líka fram til Skjaldbreiðar. Hversu hátignarlega gnæfir ekki í dag höfuð hennar ísperlum skreytt yfir gamla Þingvöll? Situr hún ekki þarna, óbreytt frá í fornöld, eins og verndarvættur hans? Jú, hún veit vel, að þessar geigvænlegu gjár og háu hamrar, sem hafa verið skjöldur hans, sverð og vegsemd um aldur og ævi, er hennar eigið, storkið hjartablóð.

Svona lýsir rithöfundurinn Torfhildur Þ. Hólm Þingvöllum í upphafi fyrstu íslensku sögulegu skáldsögunnar, Brynjólfur biskup Sveinsson sem kom fyrst út árið 1882.

Torfhildur var fyrsta íslenska konan til að rita skáldsögu. Hún fæddist 2. febrúar 1845 á Kálfafellsstað í Suðursveit og ólst þar upp en hún nam síðar hannyrðir, teikningu og ensku í Reykjavík. Eftir dvöl í Reykjavík sigldi hún til Kaupmannahafnar þar sem hún nam tungumál og hannyrðir. Hún giftist Jakobi Hólmi, verslunarstjóra á Hólanesi, við heimkomuna frá Danmörku en hann lést aðeins ári eftir að þau gengu í hjónaband. Torfhildur flutti til Vesturheims árið 1876 og birtust fyrstu smásögur hennar í Framfara, riti sem þar var gefið út. Árið 1889 flutti Torfhildur aftur heim til Íslands og gerðist afkastamikill rithöfundur og varð fyrsti Íslendingurinn til að hljóta listamannalaun. Hún varð sjálf öflugur útgefandi og gaf út bókmenntatímaritið Draupni á árunum 1891 til 1908 og tímaritið Dvöl á árunum 1901 til 1917.

Torfhildur lést fyrir rétttri öld, í hinni alræmdu spænsku veiki, þann 14. nóvember árið 1918. Í dag, þann 1. desember 2018, er einnig öld frá því Íslendingar urðu fullvalda þjóð.



Við minnumst þess nú í ár að 100 ár eru liðin frá því Ísland varð fullvalda ríki, 1918. Á þeim tímamótum er einnig vert að minnast þess að árið 1918 voru liðin sjö ár frá því Íslendingar stofnuðu háskóla, 1911. Stofnun Háskóla Íslands er eitt skýrasta dæmið um þá bjartsýni og menntunarhug sem ríkti meðal þjóðarinnar í upphafi nýrrar aldar.

Á síðasta áratug hefur doktorsnám vaxið og eflst við Háskóla Íslands. Jafnframt hefur árangur á sviði rannsókna og nýsköpunar stóraukist. Sem dæmi um það má nefna að skólinn hefur átta ár í röð verið á meðal 300 bestu háskóla í heimi á matslista Times Higher Education World Rankings og nýlega var staðfest af Times Higher að einstök fræðasvið skólans raðast mjög hátt í heiminum. Háskóli Íslands kemst nú öðru sinni inn á Shanghai University Rankings listann og þar voru tíu rannsóknasvið skólans mæld meðal þeirra fremstu í heimi. Þennan árangur ber ekki síst að þakka doktorsnemum og framlagi þeirra til aukinna rannsókna við skólann.

Fjöldi doktorsnema við Háskóla Íslands styrkir ótvírætt stöðu hans sem alþjóðlega viðurkennds rannsóknarháskóla. Um leið gerir það skólanum kleift að sinna hlutverki sínu sem æðsta menntastofnun þjóðarinnar. Öflugur rannsóknarháskóli er frumskilyrði þess að Ísland

verði samkeppnisfært í vísindum, nýsköpun og atvinnuþróun, en grunnrannsóknir og góð og fjölbreytt menntun eru jafnan talin ein helsta forsenda hagvaxtar og aukinnar velsældar.


Um þessar mundir stunda rúmlega 600 nemendur doktorsnám við Háskóla Íslands. Ítarlegri upplýsingar um þróun doktorsnáms við Háskóla Íslands undanfarin ár má sjá hér í bæklingnum.

Við fögnum nú þeim doktorum sem hafa brautskráðst frá Háskóla Íslands á undangengnu ári. Á tímabilinu frá 1. desember 2017 til 1. desember 2018 brautskráðust alls 63 doktorar, 24 karlar og 39 konur. Sameiginlegar doktorsgráður með erlendum háskólum eru fimm talsins.

Doktorsnám er í eðli sínu alþjóðlegt og eru 44 prósent doktora frá Háskóla Íslands á áðurnefndu tímabili með erlent ríkisfang. Háskólinn er stoltur af þessum glæsilega hópi sem mun vafalítið hasla sér völl á fjölbreyttum vettvangi. Við óskum þeim innilega til hamingju með doktorsgráðuna og heilla í lífi og starfi.

Jón Atli Benediktsson, *rektor*

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, *aðstoðarrektor vísinda*



Félagsvísindasvið





Arney Einarsdóttir

Viðskiptafræði / Viðskiptafræðideild

Heiti ritgerðar: *Proskastig stefnu-miðaðrar mannauðsstjórnunar og áhrif á starfsfólk (Strategic HRM maturity and its influence on employee-related outcomes).*

Leiðbeinandi og umsjónar-kennari: Dr. Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor við Viðskiptafræðideild.

Andmælendur: Dr. David Guest,

prófessor við King's College í London á Englandi, og dr. Paul Boselie, prófessor við Háskólann í Utrecht í Hollandi.

Doktorsvörn Arneyjar fór fram 2. febrúar.



Ciara S. Brennan

Fötlunarfræði / Félagsfræði-, mannfraði- og þjóðfræðideild

Heiti ritgerðar: *Sjálfstætt líf og notendastýrð persónuleg aðstoð á Norðurlöndum: Sjónarhorn mannréttinda (The Nordic experience of independent living and personal assistance: A human rights approach).*

Leiðbeinandi: Dr. Rannveig

Traustadóttir, prófessor við Félagsfræði-, mannfraði- og þjóðfræðideild.

Andmælendur: Dr. Tom Shakespeare, prófessor við University of East Anglia á Englandi, og dr. Karen Christensen, prófessor við Háskólann í Bergen í Noregi.

Doktorsvörn Ciöru fór fram 13. desember 2017.



Ásta Jóhannsdóttir

Félagsfræði / Félagsfræði-, mannfraði- og þjóðfræðideild

Heiti ritgerðar: *Kynjaðar sjálfs-myndir á Íslandi, landi kynjafnréttis – Möguleikar og takmarkanir á birtingu kyngervis meðal ungs fólks í Reykjavík 2012–2016 (Gender Identities in Gender Equal Iceland – Possibilities and Limitations in the Performance of Gender Among Young People in Reykjavík 2012–2016).*

Leiðbeinandi: Dr. Ingólfur V. Gíslason, dósent við Félagsfræði-, mannfraði- og þjóðfræðideild.

Andmælendur: Dr. Helen Malson, dósent við University of Bristol á Englandi, og dr. Berglind Rós Magnúsdóttir, dósent við Menntavísindasvið.

Doktorsvörn Ástu fór fram 18. maí.



David Cook

Umhverfis- og auðlindafræði / Hagfræðideild (Þverfræðilegt framhaldsnám)

Heiti ritgerðar: *Stuðlað að sjálfbærni með notkun umhverfisvísa og hagrænu mati á vistkerfisþjónustu (Promoting environmental sustainability through the utilisation of an indicator set, ecosystem services perspective and non-market valuation techniques).*

Leiðbeinandi: Dr. Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við Hagfræðideild.

Andmælendur: Dr. Robert Costanza, prófessor við Australian National University í Ástralíu, og dr. Giles Atkinson, prófessor við London School of Economics and Political Science á Englandi.

Doktorsvörn Davids fór fram 23. febrúar.



Eva Marie Hagsten

Hagfræði / Hagfræðideild

Heiti ritgerðar: *Ýmis gervi upplýsinga- og samskiptatækni í frammistöðumælingum evrópskra fyrirtækja (The various guises of ICT in firm performance across Europe).*

Leiðbeinandi: Dr. Helgi Tómasson, prófessor við Hagfræðideild.

Andmælendur: Dr. Mary O'Mahony, prófessor við King's

College í London á Englandi, og dr. Sverre A. C. Kittelsen, forstöðumaður Frischsenteret í Osló í Noregi.

Doktorsvörn Evu fór fram 4. desember 2017.



Guðbjört Guðjónsdóttir

Mannfræði / Félagsfræði-, mannfraeði- og þjóðfræðideild

Heiti ritgerðar: „*Við erum ekki innflytjendur*“: *Reynsla Íslendinga í Noregi eftir hrunið 2008 (‘‘We are not immigrants’’: The experiences of Icelandic migrants in Norway after the 2008 financial crash).*

Leiðbeinandi: Dr. Kristín Loftsdóttir, prófessor við Félagsfræði-,

mannfræði- og þjóðfræðideild.

Andmælendur: Dr. Marit Aure, prófessor við The Arctic University of Norway í Tromsø í Noregi, og dr. Hanna Ragnarsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið.

Doktorsvörn Guðbjartar fór fram 24. maí.



Finnborg Salome Steinþórsdóttir

Kynjafræði / Stjórn málafræðideild

Heiti ritgerðar: *Að fylgja fénu. Kynjuð fjármál gegn kynjagslasiðu háskóla í kjölfar markaðsvæðingar (Following the money. Using gender budgeting to challenge the gender biases of New Managerialism in academia).*

Leiðbeinandi: Dr. Þorgerður Einarsdóttir, prófessor við

Stjórn málafræðideild.

Andmælendur: Dr. Kathleen Lynch, prófessor við University College í Dublin á Írlandi, og dr. Tindara Addabbo, dósent við Università degli Studi di Modena e Reggio Emilia á Ítalíu.

Doktorsvörn Finnborgar fór fram 25. maí.



Hjördís Sigursteinsdóttir

Félagsfræði / Félagsfræði-, mannfraeði- og þjóðfræðideild

Heiti ritgerðar: *Heilsa og líðan starfsfólks íslenskra sveitarfélaga í kjölfar efnahagshrunsins 2008 (The health and well-being of municipal employees in Iceland in the wake of the financial collapse of 2008).*

Leiðbeinandi: Dr. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor við Félagsfræði-, mannfraeði- og

þjóðfræðideild.

Andmælendur: Dr. Helga Kristín Hallgrímsdóttir, dósent við University of Victoria í Kanada, og dr. Álfrgeir Logi Kristjánsson, lektor við West Virginia University í Bandaríkjunum.

Doktorsvörn Hjördisar fór fram 11. desember 2017.



Ingunn Ásdísardóttir

Norræn trú / Félagsfræði-,
mannfræði- og þjóðfræðideild

Heiti ritgerðar: *Jötnar í blíðu
og stríðu: Jötnar í fornorrænni
goðafræði. Ímynd þeirra og hlut-
verk (Jötnar in War and Peace: The
Jötnar in Old Norse Mythology:
Their Nature and Function).*

Leiðbeinandi: Dr. Terry Gunnell,
prófessor við Félagsfræði-,

mannfræði- og þjóðfræðideild

Andmælendur: Dr. Thomas DuBois, prófessor við Háskólann í
Wisconsin í Bandaríkjunum, og dr. Jens Peter Schjødt, prófessor við
Árósháskóla í Danmörku.

Doktorsvörn Ingunnar fór fram 11. maí.



Sigríður Baldursdóttir

Mannfræði / Félagsfræði-,
mannfræði- og þjóðfræðideild

Heiti ritgerðar: *Alma Ata yfirlýs-
ingin: Samfélagsleg heilsugæsla í
Gíneu-Bissá (The Alma Ata Declara-
tion: Implementation of Community
Health Care in Guinea-Bissau).*

Leiðbeinandi: Dr. Jónína Einars-
dóttir, prófessor við Félagsfræði-,
mannfræði- og þjóðfræðideild.

Andmælendur: Dr. Helle Samuelson, prófessor við Kaupmanna-
hafnarháskóla í Danmörku, og dr. Karin Källander, dósent við Karolinska
Institútet í Stokkhólmi í Svíþjóð.

Doktorsvörn Sigríðar fór fram 17. maí.



María Dóra Björnsdóttir

Náms- og starfsráðgjöf /
Félagsfræði-, mannfræði- og
þjóðfræðideild

Heiti ritgerðar: *Mat á áhrifum
náms- og starfsráðgjafar fyrir
framhaldsskólanema (Evaluation
of career interventions. Short- and
long-term outcomes for students
finishing upper secondary school in
Iceland).*

Leiðbeinendur: Sif Einarsdóttir og

Guðbjörg Vilhjámsdóttir, prófessorar við Félagsfræði-, mannfræði- og
þjóðfræðideild.

Andmælendur: Dr. Susan C. Whiston, prófessor við Indiana University í
Bandaríkjunum, og dr. Norman E. Amundson, prófessor við University of
British Columbia í Kanada.

Doktorsvörn Maríu Dóru fór fram 6. apríl.



Thomas Brorsen Smidt

Kynjafræði / Stjórn málafræðideild

Heiti ritgerðar: *Filabeinsturninn í
kynjuðu ljósi: Stefnumótun, óvissa
og andspyrna í fræðasamfélagi
nýfrjálsbyggjunnar (Gendered reflec-
tions on the ivory tower: Policy,
precarity and resistances in the neo-
liberal academy).*

Leiðbeinandi: Dr. Gyða Margrét
Pétursdóttir, dósent við Stjórn mála-
fræðideild.

Andmælendur: Dr. Louise Morley, prófessor við University of
Sussex á Englandi, og dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við
Menntavísindasvið.

Doktorsvörn Thomasar fór fram 21. september.



Heilbrigðisvísindasvið



Agnar Bjarnason

Læknávisindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Orsakavaldar, áhættuþættir og afdrif fullorðinna með lungnabólgu (Etiology, risk factors and outcomes for adults with pneumonia requiring hospital admission).*

Umsjónarkennari og leiðbeinandi:

Dr. Magnús Gottfreðsson, prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. David Murdoch, prófessor við Læknadeild Háskólans í Otago á Nýja-Sjálandi, og dr. Gunnar Guðmundsson, prófessor og sérfræðingur í lyflækningum og lungnalækningum á Landspítala. Doktorsvörn Agnars fór fram 9. maí.



Amaranta Ú. Armesto Jimenez

Líf- og læknávisindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Hlutverk erfðabreytileika í stjórnsvæði MUC5B-gensins og áhrif hans á lungnatrefjun (Dissecting the regulatory role for a MUC5B polymorphism involved in ideopathic pulmonary fibrosis).*

Umsjónarkennari og leiðbeinandi:

Dr. Magnús Karl Magnússon, prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Gisli Jenkins, prófessor við University of Nottingham á Englandi, og dr. Guðmundur Hrafn Guðmundsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild.

Doktorsvörn Amaröntu fór fram 17. ágúst.



Agnieszka Popielec

Lyfjávísindi / Lyfjafraeðideild

Heiti ritgerðar: *Áhrif sýklódextrína og sýklódextrín nanóagna á stöðugleika β -laktam lyfja (The impact of cyclodextrins and cyclodextrin based nanoparticles for β -lactam antibiotic stability).*

Leiðbeinandi: Dr. Þorsteinn Loftsson, prófessor við Lyfjafraeðideild.

Andmælendur: Dr. Malgorzata

Sznitowska, prófessor við Medical University of Gdansk í Póllandi, og dr. Sophie Fourmentin, prófessor við Université du Littoral Côte d'Opale í Frakklandi.

Doktorsvörn Agnieszku fór fram 13. ágúst.



Anna Bryndís Blöndal

Lyfjafraeði / Lyfjafraeðideild

Heiti ritgerðar: *Innleiðing lyfjafraeðilegrar umsjár í heilsugæslu á Íslandi (Bringing pharmaceutical care to primary care in Iceland).*

Leiðbeinandi og umsjónarkennari: Dr. Sveinbjörn Gizurarson, prófessor við Lyfjafraeðideild.

Meðleiðbeinandi: Dr. Anna Birna Almarsdóttir, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla.

Andmælendur: Dr. Helga Garðarsdóttir, dósent við Háskólann í Utrecht í Hollandi, og dr. Guðlaug Þórsdóttir, öldrunarlæknir við Landspítala.

Doktorsvörn Önnu Bryndisar fór fram 15. desember 2017.



Arndís Vilhjálmsdóttir

Sálfræði / Sálfræðideild

Heiti ritgerðar: *Tekjujöfnuður í hverfasamfélögum og sálræn streita unglinga: Þýðisgrunnið rannsókn meðal íslenskra unglinga á árunum 2006 til 2016. (Community income inequality and adolescent emotional distress: A population based study of Icelandic adolescents from 2006 to 2016).*

Leiðbeinandi og umsjónarkennari: Dr. Ragna Benedikta Garðarsdóttir, dósent við Sálfræðideild.

Andmælendur: Dr. Jennifer Sheehy-Skeffington, lektor við London School of Economics á Englandi, og dr. Jason Beckfield, prófessor við Harvard University í Bandaríkjunum.

Doktorsvörn Arndísar fór fram 31. maí.



Birna Þórisdóttir

Næringarfræði / Matvæla- og næringarfræðideild

Heiti ritgerðar: *D-vítamín á norðlægum slóðum – Inntaka og búskapur íslenskra barna (Vitamin D in northern latitudes – Intake and status in Icelandic children).*

Leiðbeinendur og umsjónarkennarar: Dr. Ingibjörg Gunnarsdóttir og dr. Bryndís Eva

Birgisdóttir, prófessorar við Matvæla- og næringarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Lene Frost Andersen, prófessor við Háskólann í Osló í Noregi, og dr. Ásgeir Haraldsson, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Birnu fór fram 23. ágúst.



Áróra Rós Ingadóttir

Næringarfræði / Matvæla- og næringarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Skimun á næringarástandi og næringar-meðferð sjúklunga með langvinna lungnateppu (LLT) (Nutritional risk screening and nutrition therapy for patients with chronic obstructive pulmonary disease (COPD)).*

Leiðbeinendur og umsjónarkennarar: Dr. Ingibjörg

Gunnarsdóttir, prófessorar við Matvæla- og næringarfræðideild, og dr. Anne Marie Beck, dósent við Copenhagen University College.

Andmælendur: Dr. Annemie Schols, prófessorar við Maastricht University í Hollandi, og dr. Eyþór H. Björnsson, yfirlæknir á Reykjalundi.

Doktorsvörn Áróru fór fram 12. nóvember.



Diahann Atacho

Líf- og læknávisindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Frá geni til atferlis – hlutverk Mitf í miðtaugakerfinu (From gene to behavior – determining the role of Mitf in the central nervous system).*

Leiðbeinandi og umsjónarkennari: Dr. Pétur Henry Petersen, dósent við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Gina Turrigiano, prófessorar við Brandeis-háskóla í

Bandaríkjunum, og dr. Karl Ægir Karlsson, prófessorar við Háskólann í Reykjavík.

Doktorsvörn Diahann fór fram 4. apríl.



Eiríkur Briem

Líf- og læknávisindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Hlutverk microRNA í formgerð brjóstskirtils og bandvefsumbreytingu þekjuvefjar (Functional role of microRNAs in breast morphogenesis and epithelial to mesenchymal transition).*

Leiðbeinandi og umsjónarkennari: Dr. Þórarinn Guðjónsson, prófessor við Læknadeild.

Meðleiðbeinandi: Dr. Magnús Karl Magnússon, prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. James B. Lorens, prófessor við Háskólann í Bergen í Noregi, og dr. Zophonias Oddur Jónsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild.

Doktorsvörn Eiríks fór fram 3. júlí.



Guðrún Dóra Bjarnadóttir

Líf- og læknávisindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Notkun methylphenidats á Íslandi - Algengi notkunar borið saman við önnur örvandi efni (Intravenous use of methylphenidate in Iceland – Prevalence and comparison to other psychostimulants).*

Leiðbeinandi og umsjónarkennari: Dr. Magnús Haraldsson, dósent við Læknadeild.

Meðleiðbeinandi: Dr. Andrés Magnússon, geðlæknir við Sjúkrahúsið á Akureyri.

Andmælendur: Dr. Kim Wolff, prófessor við King's College í London á Englandi, og dr. Kristinn Tómasson, yfirlæknir Vinnueftirlitsins. Doktorsvörn Guðrúnar Dóru fór fram 19. október.



Guðný Stella Guðnadóttir

Læknávisindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Þegar slembirannsóknnum sleppir. Áhrif fjölveikinda, aldurs og kyns á meðferð kransæðasjúkdóma (Beyond randomized clinical trials. Multimorbidity, age and gender impact on the treatment of coronary artery disease).*

Umsjónarkennari: Dr. Karl Andersen, prófessor við Læknadeild.

Leiðbeinandi: Dr. Þórarinn Guðnason, hjartalæknir við Landspítala.

Andmælendur: Dr. Joakim Alfredsson, dósent við Háskólann í Linköping í Svíþjóð, og dr. Pálmi V. Jónsson, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Guðnýjar Stelli fór fram 20. apríl.



Huong Thi Thu Dang

Matvælafræði / Matvæla- og næringarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Aukin gæði frosinna fiskafurða með bættum vinnslu- og geymsluaðferðum (Enhancing the quality of frozen fish products through improved processing and storage).*

Leiðbeinendur: Dr. Sigurjón Arason og dr. María Guðjónsdóttir, prófessorar við Matvæla- og

næringarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Ragnar Ludvig Olsen, prófessor við Háskólann í Tromsø í Noregi, og dr. Santiago Aubourg, prófessor hjá CSIC á Spáni.

Doktorsvörn Huong fór fram 3. október.



Jenna Huld Eysteinsdóttir

Læknavísindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Áhrif Bláa Lóns meðferðar á psoriasis miðað við hefðbundna UVB ljósameðferð (The effect of balneophototherapy in the Blue Lagoon in Iceland on psoriasis compared with phototherapy alone).*

Umsjónarkennari: Dr. Jón Hjaltalín Ólafsson, dósent við Læknadeild.

Leiðbeinandi: Dr. Bárður Sigurgeirsson, aðjunkt við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Menno De Rie, prófessor við Háskólann í Amsterdam í Hollandi, og dr. Olle Larkö, prófessor við Sahlgrenska-sjúkrahúsið í Gautaborg í Svíþjóð.

Doktorsvörn Jennu Huldar fór fram 8. desember 2017.



Laufey Hrólfsdóttir

Næringarfræði / Matvæla- og næringarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Rannsókn á tengslum mataræðis á meðgöngu, þyngdaraukningar og heilsu barna seinna á ævinni (Examining the link between maternal nutrition, gestational weight gain, and later offspring health).*

Umsjónarkennarar og

leiðbeinendur: Dr. Þórhallur Ingi Halldórsson og dr. Bryndis Eva Birgisdóttir, prófessorar við Matvæla- og næringarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Keith Godfrey, prófessor við Háskólann í Southampton á Englandi, og dr. Þóra Steingrímsdóttir, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Laufeyjar fór fram 11. janúar.



Kristín Þórarinsdóttir

Hjúkrunarfræði /
Hjúkrunarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Persónumiðaða matstækið Hermes – þróun og notkun í endurhæfingarhjúkrun (The person-centred assessment tool Hermes – development and use in rehabilitation nursing).*

Umsjónarkennari og leiðbeinandi:
Dr. Kristín Björnsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild.

Meðleiðbeinandi: Dr. Kristján Kristjánsson, prófessor við Birmingham-háskóla á Englandi.

Andmælendur: Dr. Brendan McCormack, prófessor við Queen Margaret University í Skotlandi, og dr. Snæfríður Þóra Egilson, prófessor við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild.

Doktorsvörn Kristínar fór fram 27. nóvember.



Magdalena Stefaniak Viðarsson

Matvælafræði / Matvæla- og næringarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Mat á lífvirkni fjölsykruútdrátta af sjávaruppruna (Evaluation of bioactive properties of marine-derived polysaccharide extracts).*

Leiðbeinandi: Dr. Kristberg Kristbergsson, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild.

Meðleiðbeinendur: Dr. Ólafur E. Sigurjónsson, prófessor við Háskólann í Reykjavík, og dr. María Guðjónsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Maher Abou Hachem, dósent við Danmarks Tekniske Universitet í Danmörku, og dr. Berglind Eva Benediktsdóttir, dósent við Lyfjafræðideild.

Doktorsvörn Magdalenu fór fram 6. desember 2017.



Margrét Ólafía Tómasdóttir

Líf- og læknávisindi / Læknadeild
Sameiginleg doktorsgráða
frá Háskóla Íslands og NTNU í
Þrándheimi í Noregi.

Heiti ritgerðar: *Fjölveikindi meðal
íbúa Norður-Þrándalaga (HUNT-
rannsóknin) – Faraldsfræðileg
rannsókn með vísan til streitubátta
tengdra hugtakinu allostatískt*

*álag (Multimorbidity in the Norwegian HUNT population – An
epidemiological study with reference to the concept allostatic load).*

Leiðbeinendur: Dr. Jóhann Ágúst Sigurðsson, prófessor við
Læknadeild, og dr. Linn Getz, prófessor við NTNU í Þrándheimi.

Andmælendur: Dr. Dee Mangin, prófessor við McMaster University
í Ontario í Kanada og University of Ontago á Nýja-Sjálandi, og dr.
Esperanza Diaz, dósent við Háskólann í Bergen í Noregi.
Doktorsvörn Margrétar fór fram í Noregi 9. desember 2017.



Oddur Ingimarsson

Læknávisindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Aukaverkanir
geðrofslyfja – gögn og gildi til að
varða bestu leiðir til notkunar clo-
zapine í geðklofa sem svarar illa
meðferð (Adverse drug reactions
of antipsychotic drug treatment –
how to balance evidence and values
in relation to the use of clozapine in
treatment-resistant schizophrenia).*

Umsjónarkennari og leiðbeinandi: Dr. Engilbert Sigurðsson, prófessor
við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Dan Siskind, dósent við University of Queensland
í Ástralíu, og dr. Sigurður Páll Pálsson, yfirlæknir réttar- og
öryggisgeðlækninga við geðsvið Landspítala.
Doktorsvörn Odds fór fram 10. apríl.



Marita Debess Magnussen

Líf- og læknávisindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Sýklalyfjaóðnæmi
hjá Streptococcus pneumoniae,
Streptococcus pyogenes og
Escherichia coli í Færeyjum, tengsl við
sýklalyfjanotkun og samanburður við
Ísland og Danmörku (Antimicrobial
resistance in Streptococcus
pneumoniae, Streptococcus
pyogenes and Escherichia coli from*

*the Faroese population, correlation with antimicrobial use and comparison
with Iceland and Denmark).*

Leiðbeinandi og umsjónarkennari: Dr. Karl G. Kristinsson, prófessor
við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Anders Koch, sérfræðilæknir við Statens Serum
Institut í Kaupmannahöfn í Danmörku, og dr. Valtýr Stefánsson Thors,
sérfræðilæknir við Barnaspítala Hringins.
Doktorsvörn Maritu fór fram 21. september.



Rannveig Jóna Jónasdóttir

Hjúkrunarfræði og heilbrigðisvísindi /
Hjúkrunarfræðideild og Læknadeild
Sameiginleg doktorsgráða frá tveimur
deildum Heilbrigðisvísindasviðs.

Heiti ritgerðar: *Þróun skipulagðrar,
hjúkrunarstýrðrar eftirgæslu til
sjúklinga eftir útskrift af gjörgæslu-
deild og prófun á áhrifum hennar
(Development of a structured nurse-
led follow-up for patients after
discharge from the intensive care*

unit and testing of its effectiveness).

Umsjónarkennarar og leiðbeinendur: Dr. Gísli H. Sigurðsson,
prófessor við Læknadeild, og dr. Helga Jónsdóttir, prófessor við
Hjúkrunarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Leanne Aitken, prófessor við City University of
London á Englandi, og dr. Páll Eyjólfur Ingvarsson, taugalæknir við
Endurhæfingardeild LSH og klínískur dósent við Læknadeild.
Doktorsvörn Rannveigar fór fram 11. desember 2017.



Tómas Kristjánsson

Sálfræði / Sálfræðideild

Heiti ritgerðar: *Rannsóknir á sjónrænni athygli með söfnunarverkefnum (Dynamics and flexibility of visual attention - Insights from a foraging perspective).*

Leiðbeinandi og umsjónarkennari: Dr. Árni Kristjánsson, prófessor við Sálfræðideild.

Andmælendur: Dr. Jeremy M. Wolfe, rannsóknarprófessor við Harvard Medical School í Bandaríkjunum, og dr. Þór Eysteinnsson, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Tómasar fór fram 27. september.



Vaka Vésteinsdóttir

Sálfræði / Sálfræðideild

Heiti ritgerðar: *Aðferðir til að fást við félagslega æskilega svörun í netkönnunum: MCSD-kvarðinn og QHR-aðferðin (On methods for dealing with Socially Desirable Responding in Internet Surveys: The Marlowe-Crowne Social Desirability Scale (MCSDS) and the Questions on Honest Responding (QHR) technique).*

Umsjónarkennari og

leiðbeinandi: Dr. Fanney Þórsdóttir, dósent við Sálfræðideild.

Andmælendur: Dr. Caroline Roberts, dósent við Universit  de Lausanne í Sviss, og dr. Sif Einarsdóttir, prófessor við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild.

Doktorsvörn Vöku fór fram 12. apríl.





Hugvísindasvið





Anna Katharina Heiniger

Íslenskar bókmenntir / Íslensku- og menningardeild

Heiti ritgerðar: *Á þröskuldinum. Um mörk og mæri í Íslendinga-sögum (On the threshold. Experiencing liminality in the Íslendinga-sögur).*

Leiðbeinandi: Dr. Torfi H. Tulinius, prófessor við Íslensku- og menningardeild.

Andmælendur: Dr. Alison Finlay, prófessor við Birkbeck University of London á Englandi, og dr. Stephanie Gropper, prófessor við Universitat Tubingen í Þýskalandi.

Doktorsvorn Onnu Katharinu for fram 11. maí.



Rúnar Leifsson

Fornleifafræði / Sagnfræði- og heimspekideild

Heiti ritgerðar: *Dýrafórnir og graf-siðir víkingaaldar á Íslandi (Ritual Animal Killing and Burial Customs in Viking Age Iceland).*

Leiðbeinandi: Dr. Orri Vésteinnsson, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild.

Andmælendur: Dr. Anne Pedersen, fornleifafræðingur við Þjóðminjasafn Danmerkur, og dr. James Morris, lektor við University of Central Lancashire á Englandi.
Doktorsvorn Rúnars for fram 29. maí.



Nanna Hlín Halldórsdóttir

Heimspeki / Sagnfræði- og heimspekideild

Heiti ritgerðar: *Berskjölduð í atvinnuviðtali: Tengslaverufræði Judith Butler sem viðbragð við (ný)-frjálshyggju (Vulnerable in a job interview: Butler's relational ontology of vulnerability as a response to (Neo)liberalism).*

Leiðbeinandi: Dr. Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor við

Sagnfræði- og heimspekideild.

Andmælendur: Dr. Birgit Schippers, dósent við Queens University í Belfast á Norður-Írlandi, og dr. Erinn Gilson, dósent við University of North Florida í Bandaríkjunum.

Doktorsvorn Nönnu Hlínar for fram 28. september.



Skafti Ingimarsson

Sagnfræði / Sagnfræði- og heimspekideild

Heiti ritgerðar: *Íslenskir kommúnistar og sósíalistar: Flokksstarf, félagsgerð og stjórnmálabarátta 1918–1968 (Icelandic communists and socialists: Party activities, social make-up and political struggle 1918–1968).*

Leiðbeinandi: Dr. Valur Ingimundarson, prófessor við

Sagnfræði- og heimspekideild.

Andmælendur: Dr. Rósa Magnúsdóttir, dósent við Árósháskóla í Danmörku, og dr. Sumarliði Ísleifsson, lektor við Sagnfræði- og heimspekideild.

Doktorsvorn Skafta for fram 30. maí.



William Konchak

Heimspeki / Sagnfræði- og heimspekideild


Heiti ritgerðar: *Samtímanálgun á heimspeki sem lífsmáta (Developing a contemporary approach to philosophy as a way of life).*

Leiðbeinandi: Dr. Björn Þorsteinsson, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild.

Andmælandur: Dr. Jussi Backman,

dósent við Háskólann í Jyväskylä í Finnlandi, og dr. Samantha Harvey, prófessor við Boise State University í Indiana í Bandaríkjunum.

Doktorsvörn Williams fór fram 19. nóvember.




Fjöldi brautskráðra doktora eftir fræðasviðum 2014–2018


Fræðasvið	2014	2015	2016	2017	2018
Félagsvísindasvið	8	3	5	7	8
Heilbrigðisvísindasvið	25	10	16	17	21
Hugvísindasvið	9	9	13	5	6
Menntavísindasvið	9	9	4	5	4
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	28	29	24	24	17
Þverfræðilegt framhaldsnám	3	5	6	2	2
Samtals	82	65	68	60	58




Ríkisfang brautskráðra doktora frá Háskóla Íslands 2014–2018



Kynjahlutfall brautskráðra doktora frá Háskóla Íslands 2014–2018



Fjöldi brautskráðra doktora frá Háskóla Íslands 2014–2018





Menntavísindasvið





Guðrún Ragnarsdóttir

Menntavísindi / Menntavísindasvið
Heiti ritgerðar: *Upplifun og reynsla skólustjórnenda af breytingum í íslenskum framhaldsskólum samtímans. Gagnvirk áhrif einstaklinga, hópa og félagskerfa (School leaders' perception of contemporary change at the upper secondary school level in Iceland. Interaction of actors and social structures facilitating or constraining change).*

Leiðbeinandi: Dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Menntavísindasvið.

Meðleiðbeinandi: Dr. Jón Torfi Jónasson, prófessor emeritus við Menntavísindasvið.

Andmælendur: Dr. Elisabet Nihlfors, prófessor við Uppsalaháskóla í Svíþjóð, og dr. Monica Johansson, dósent við Gautaborgarháskóla í Svíþjóð. Doktorsvörn Guðrúnar fór fram 23. apríl.



Kristín Jónsdóttir

Menntavísindi / Menntavísindasvið
Heiti ritgerðar: *Tengsl heimila og grunnskóla á Íslandi (Parental involvement in compulsory schools in Iceland).*

Leiðbeinandi: Dr. Amalía Björnsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið.

Meðleiðbeinandi: Dr. Unn-Doris Bæck, prófessor við The Arctic University of Norway í Tromsø í

Noregi.

Andmælendur: Dr. Karen Ida Dannesboe, dósent við Árósháskóla í Danmörku, og dr. Elsa Westergård, dósent við Háskólann í Stavanger í Noregi.

Doktorsvörn Kristínar fór fram 20. júní.



Ingi Þór Einarsson

Menntavísindi / Menntavísindasvið
Heiti ritgerðar: *Hreysti og heilsa íslenskra barna með þroskahömlun (Physical fitness and health of Icelandic children with intellectual disability).*

Leiðbeinandi: Dr. Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor við Menntavísindasvið.

Meðleiðbeinandi: Dr. Daniel Daly, prófessor við Katholieke Universiteit

Leuven í Belgíu.

Andmælendur: Dr. Heidi Stanish, dósent við University of Massachusetts í Bandaríkjunum, og dr. Jorge Mota, prófessor við University of Porto í Portúgal.

Doktorsvörn Inga Þórs fór fram 20. apríl.



Rannveig Oddsdóttir

Menntavísindi / Menntavísindasvið
Heiti ritgerðar: *Rituð textagerð barna í 1.–4. bekk – Þróun, einstaklingsmunur og áhrif umskráningar, málþroska og sjálfstjórnar (Icelandic children's text writing in first to fourth grade. The development, individual differences and effect of encoding, language skills and self-regulation).*

Leiðbeinandi: Dr. Hrafnhildur

Ragnarsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið.

Meðleiðbeinendur: Sigurgrímur Skúlason, sérfræðingur hjá Menntamálastofnun, og dr. Freyja Birgisdóttir, dósent við Sálfræðideild.

Andmælendur: Dr. Jörgen Pind, prófessor við Sálfræðideild, og dr. Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor við Íslensku- og menningardeild. Doktorsvörn Rannveigar fór fram 9. febrúar.

A photograph of a mossy stone wall with water flowing over it, creating a reflection in a pool of water below. The wall is made of dark, irregular stones, many of which are covered in bright green moss. Water is seen dripping from the top of the wall into a shallow pool of water at the bottom. The water in the pool is clear, reflecting the mossy stones and the surrounding environment. The overall scene is a close-up, vertical shot of a natural, weathered stone structure.

Verkfræði- og náttúruvísindasvið



Bergur Einarsson

Jarðeðlisfræði / Jarðvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Vatnafræði íslenskra jökla: Jökulhlaup og ísflæði (Subglacial hydrology of the Icelandic ice caps: Outburst floods and ice dynamics).*

Leiðbeinandi: Dr. Tómas Jóhannesson, fagstjóri á sviði jöklafræði á Veðurstofu Íslands.

Meðleiðbeinandi: Dr. Helgi

Björnsson, prófessor emeritus við Jarðvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Ian Hewitt, dósent við Stærðfræðistofnun Oxford-háskóla á Englandi, og dr. Halldór Pálsson, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild.

Doktorsvörn Bergs fór fram 23. maí.



Elizabeth Anne Unger


Umhverfisfræði / Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

Heiti ritgerðar: *Endurnýjanlegir og hefðbundnir orkugjafar, milliríkjavilverkanir og raforkuverð á Nord Pool markaðnum (Renewable and Conventional Energy Sources, Cross-Border Interactions, and Electricity Prices within the Nord Pool Market).*

Leiðbeinandi: Dr. Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild.

Andmælendur: Dr. Ronald B. Davies, prófessor við University College Dublin á Írlandi, og dr. Daði Már Kristófersson, forseti Félagsvísindasviðs og prófessor við Hagfræðideild.

Doktorsvörn Elizabethar fór fram 11. júní.



Daniel Juncu

Jarðeðlisfræði / Jarðvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Jarðskorpuphreyfingar á jarðhitasvæðum: Rannsóknir á Hengillssvæðinu með gervitugla-mælingum (Deformation of geothermal reservoirs: A case study in the Hengill geothermal area using satellite geodesy).*

Leiðbeinandi: Dr. Þóra Árnadóttir, vísindamaður við Jarðvísindastofnun Háskólans.

Andmælendur: Dr. Sigurjón Jónsson, prófessor í jarðeðlisfræði við KAUST-háskóla í Sáði-Arabíu, og dr. Ólafur G. Flóvenz, forstjóri Íslenskra orkurannsókna.

Doktorsvörn Daniels fór fram 12. janúar.



Hannah Iona Reynolds

Jarðeðlisfræði / Jarðvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Eldvirkni og jarðhiti undir jökklum. Mælingar og líkanreikningar á varmaflæði (Subglacial volcanic and geothermal activity. Measurement and modeling of heat flow).*

Leiðbeinandi: Dr. Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor við Jarðvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Shaul Hurwitz, sérfræðingur við Jarðvísindastofnun Bandaríkjanna í Kaliforníu, og dr. Lionel Wilson, prófessor emeritus hjá Umhverfismiðstöð Háskólans í Lancaster á Englandi.

Doktorsvörn Hönnuh fór fram 18. desember 2017.



Jan Prikryl


Jarðfræði / Jarðvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Efnaskipti vatns og bergs og binding CO_2 og H_2S í jarðhitakerfum: tilraunir og líkanreikningar (Fluid-rock interaction and H_2S and CO_2 mineralization in geothermal systems: experiments and geochemical modeling).*

Leiðbeinandi: Dr. Andri Stefánsson, prófessor við Jarðvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Alasdair Skelton, prófessor við Háskólann í Stokkhólmi í Svíþjóð, og dr. Orlando Vaselli, dósent við Háskólann í Flórens á Ítalíu.

Doktorsvörn Jans fór fram 30. maí.



Joaquín M.C. Belart

Jarðeðlisfræði / Jarðvísindadeild
Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og Université de Toulouse III – Paul Sabatier í Frakklandi.

Heiti ritgerðar: *Afkoma íslenskra jökla, breytileiki og tengsl við loftslag (Mass balance of Icelandic glaciers in variable climate).*

Leiðbeinendur: Dr. Eyjólfur Magnússon, rannsóknasérfræðingur

við Raunvísindastofnun, og dr. Étienne Berthier, vísindamaður við Université de Toulouse.

Andmælendur: Dr. Francisco Navarro, prófessor við Tækniháskólann í Madrid á Spáni, og dr. Beata Csatho, prófessor við University of Buffalo í New York í Bandaríkjunum.

Doktorsvörn Joaquíns fór fram 29. nóvember.



Jens Guðmundur Hjörleifsson

Lífefnafræði / Raunvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Samspil undireininga og áhrif jóna á kuldavirkan alkalískan fosfatasa úr sjávarörverunni *Vibrio splendidus* (Ionic effects on subunit interactions in a cold-active alkaline phosphatase from the marine bacterium *Vibrio splendidus*).*

Leiðbeinandi: Dr. Bjarni Ásgeirsson, prófessor við Raunvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Tony Collins, lektor við Háskólann í Minho í Braga í Portúgal, og dr. Stjepan Orhanovic, dósent við Raunvísindadeild Háskólans í Split í Króatíu.

Doktorsvörn Jens fór fram 21. júní.



Johanne Schmith

Jarðfræði / Jarðvísindadeild
Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla.

Heiti ritgerðar: *Eldfjallafræði og áhættur af basískum tætigosum (Volcanology and hazards of phreatomagmatic basaltic eruptions – Eruption source parameters and fragmentation mechanism of large eruptions from Katla volcano, Iceland).*

Leiðbeinendur: Dr. Ármann

Höskuldsson, vísindamaður við Jarðvísindastofnun Háskólans, Guðrún Larsen, jarðvísindamaður emeritus, og dr. Paul Martin Holm, dósent við Kaupmannahafnarháskóla í Danmörku.

Andmælendur: Þorvaldur Þórðarson, prófessor við Jarðvísindadeild, Jennie Gilbert, dósent við Lancaster University á Englandi, og Tod Waight, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla í Danmörku.

Doktorsvörn Johanne fór fram í Kaupmannahöfn 25. ágúst 2017.



Kevin Dini

Eðlisfræði / Raunvísindadeild
Heiti ritgerðar: *Ljósfræðileg stýring leiðnieiginleika tvívíðra Dirac-kerfa (Optical control of transport properties of 2D Dirac materials).*

Leiðbeinandi: Dr. Ivan Shelykh, prófessor við Raunvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Polina Kuzhir, rannsóknastjóri við Belarus National

University í Hvíta-Rússlandi, og dr. Andre Xuereb, dósent við University of Malta.

Doktorsvörn Kevins fór fram 19. október.



Matthias Kokorsch

Landfræði / Líf- og umhverfivísindadeild

Heiti ritgerðar: *Seigla íslenskra sjávarbyggða (Mapping resilience – Coastal communities in Iceland).*

Leiðbeinandi: Dr. Karl Benediktsson, prófessor við Líf- og umhverfivísindadeild.

Andmælendur: Dr. Jahn Petter Johnsen, prófessor við Háskólann

í Tromsø í Noregi, og dr. Niels Einarsson, forstöðumaður við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri.

Doktorsvörn Matthiasar fór fram 8. júní.



Markus Götz

Reikniverkfræði / Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Skalanleg gagnagreining með ofurtölvum (Scalable data analysis in high performance computing).*

Leiðbeinandi: Dr. Morris Riedel, gestadósent við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild.

Umsjónarkennari: Dr. Ólafur

Pétur Pálsson, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Håkan Grahn, prófessor við Tækniháskólann í Blekinge í Svíþjóð, og dr. Shantenu Jha, prófessor við Rutgers University í New Jersey í Bandaríkjunum.

Doktorsvörn Markusar fór fram 5. desember 2017.



Michael Juhl

Eðlisfræði / Raunvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Skautunargreining með fylki örloftneta (Metasurface polarimetry).*

Leiðbeinandi: Dr. Kristján Leósson, framkvæmdastjóri við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og fyrrverandi vísindamaður við Raunvísindastofnun Háskólans.

Andmælendur: Dr. N. Asger Mortensen, prófessor við Syd-

dansk Universitet í Danmörku, og dr. Slawomir M. Koziel, prófessor við Háskólann í Reykjavík.

Doktorsvörn Michaels fór fram 5. október.



Nilesh R. Kamble

Efnafraeði / Raunvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Púrin-afleidd nitroxíð til spunamerkinga án samgildra tengja á basalausum stöðum í tvíþátta kjarnsýrum (Purine-derived nitroxides for non-covalent spin-labeling of abasic sites in duplex nucleic acids).*

Leiðbeinandi: Dr. Snorri Þór Sigurðsson, prófessor við

Raunvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Stefán Jónsson, verkefnisstjóri hjá Íslenskri erfðagreiningu, og dr. Janet Lovett, Royal Society University Research Fellow við Háskólann í St. Andrews í Skotlandi.

Doktorsvörn Nilesh fór fram 21. desember 2017.



Ragesh K. Puthiyaveettil

Efnafraeði / Raunvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Hlutverk lágorkurafeinda í niðurbroti kísil-innihaldandi efna til notkunar í örprentun yfirborða með skörpum rafeindageislum: $HFeCo_3(CO)_{12}$, $H_2FeRu_3(CO)_{13}$, $SiC_5H_{10}Cl_2$, SiC_5H_{12} and $Si_3C_3H_{12}$ (Low-energy electron-induced decomposition of bimetallic and silicon-containing FEBID precursors: $HFeCo_3(CO)_{12}$, $H_2FeRu_3(CO)_{13}$, $SiC_5H_{10}Cl_2$, SiC_5H_{12} and $Si_3C_3H_{12}$).*

Leiðbeinandi: Dr. Oddur Ingólfsson, prófessor við Raunvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Lionel Amiaud, dósent við Institut des Sciences Moléculaires d'Orsay í París í Frakklandi, og dr. Janina Kopyra, dósent við Siedlce University í Siedlce í Póllandi.

Doktorsvörn Ragesh fór fram 15. desember 2017.



Rabia Yasmin Khosa

Eðlisfræði / Raunvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Rafmælingar á torleiðurum til notkunar í rafsviðssmárum gerðum í kísilkarbíði (Electrical characterization of gate dielectrics for 4H-SiC MOSFETs).*

Leiðbeinandi: Dr. Einar Örn Sveinbjörnsson, prófessor við Raunvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Anders Hallén, prófessor við Konunglega

tækniháskólann í Svíþjóð, og dr. Sigurður Ingi Erlingsson, dósent við Háskólann í Reykjavík.

Doktorsvörn Rabiú fór fram 13. desember 2017.



Saharalsadat Rahpeyma

Byggingarverkfræði / Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

Heiti ritgerðar: *Greining á staðbundnum jarðskjálftaáhrifum út frá þéttum hröðunarmælanetum í byggð á Íslandi (Analysis and modeling of earthquake strong-motion effects on Icelandic arrays for earthquake engineering applications).*

Leiðbeinandi: Dr. Benedikt

Halldórsson, vísindamaður við Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði.

Andmælendur: Dr. John Douglas, dósent við University of Strathclyde í Glasgow í Skotlandi, og dr. Dominik H. Lang, forstöðumaður náttúruvársviðs norsku jarðtæknistofnunarinnar í Osló í Noregi.

Doktorsvörn Saharalsadat fór fram 23. nóvember.



Sergei Liashko

Efnafræði / Raunvísindadeild
Sameiginleg doktorsgráða frá
Háskóla Íslands og ITMO-háskóla
í St. Pétursborg í Rússlandi.

Heiti ritgerðar: *Varmadrifnar
breytingar á seglun í smásæjum
segulkerfum (Temperature-
induced magnetization reversals in
micromagnetic systems).*

Leiðbeinandi: Dr. Hannes Jónsson,

prófessor við Raunvísindadeild, og dr. Valery M. Uzdin, prófessor við
ITMO-háskóla í St. Pétursborg í Rússlandi.

Andmælendur: Dr. Robert L. Stamps, prófessor við University of
Manitoba í Kanada, og dr. Peter Derlet, sérfræðingur hjá Paul Scherrer
stofnuninni í Sviss.

Doktorsvörn Sergeis fór fram 8. desember 2017.



Uta Reichardt

Umhverfis- og auðlindafræði /
Umhverfis- og byggingarverkfræði-
deild (Þverfræðilegt framhaldsnám)

Heiti ritgerðar: *Aska og flugumferð í
Evrópu: Greining á viðbúnaði
hagsmunaaðila fyrir öskugos á Íslandi
(Ash and aviation in Europe: A
stakeholder analysis on preparedness
to volcanic ash from Iceland).*

Leiðbeinendur: Dr. Guðmundur

Freyr Úlfarsson, prófessor við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild, og
dr. Guðrún Pétursdóttir, dósent og framkvæmdastjóri Stofnunar Sæmundar
fróða við Háskóla Íslands.

Andmælendur: Dr. Ortwin Renn, prófessor og forstöðumaður IASS
stofnunarinnar um sjálfbærnirannsóknir í Potsdam í Þýskalandi, og dr. Karl
Benediktsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild.

Doktorsvörn Utu fór fram 4. maí.



Sergei Vlasov

Efnafræði / Raunvísindadeild
Sameiginleg doktorsgráða frá
Háskóla Íslands og ITMO-háskóla í
St. Pétursborg í Rússlandi.

Heiti ritgerðar: *Skammtafræðilegt
smug milli segulástanda (Quantum
mechanical tunneling between
magnetic states).*

Leiðbeinandi: Dr. Hannes Jónsson,
prófessor við Raunvísindadeild, og
dr. Valery M. Uzdin, prófessor við

ITMO-háskóla í St. Pétursborg í Rússlandi.

Andmælendur: Dr. Dmitrij E. Makarov, prófessor við University of Texas
í Austin í Bandaríkjunum, og dr. Oleg A. Tretiakov, lektor við Tohoku-
háskóla í Japan.

Doktorsvörn Sergeis fór fram 7. desember 2017.



Zhiqian Yi

Líffræði / Líf- og umhverfisvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Aðferðir í líftækni
til að auka framleiðslu fucoxanthins í
kísilþörungnum Phaeodactylum
tricornutum (Biotechnological
approaches to enhance fucoxan-
thin production in a model diatom
Phaeodactylum tricornutum).*

Leiðbeinandi: Dr. Weiqi Fu gesta-
dósent og dr. Sigurður Brynjólfsson
prófessor, báðir við Iðnaðarverkfræði-,

vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild.

Andmælendur: Hjörleifur Einarsson, prófessor við Háskólann á Akureyri,
og Roberta Congesti, fræðimaður við Rómaháskóla á Ítalíu.

Doktorsvörn Yi fór fram 30. nóvember.

Ljósmyndir af Þingvöllum: Ragnar Th. Sigurðsson

Ljósmyndir af doktorum: Kristinn Ingvarsson, Gunnar Sverrisson,
Árni Sæberg, Eggert Jóhannesson og úr einkasafni doktora.

www.hi.is

Útgefandi: Markaðs- og samskiptasvið Háskóla Íslands, 2018

Ritstjórar: Björn Gíslason og Jón Örn Guðbjartsson

Efni: Björn Gíslason, Jón Örn Guðbjartsson og Pétur Ástvaldsson

Umbrot: PiparTBWA

Prentun: Leturprent



HÁSKÓLI ÍSLANDS